Umsögn um áform um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), mál nr. S-35/2026.

Umsögn þessi fjallar um áform um að breyta kröfum til tryggingastærðfræðinga. Í áformaskjali er lagt til að kröfunum verði breytt og þær færðar til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem annast sambærileg verkefni hjá vátryggingafélögum og starfstengdum eftirlaunasjóðum.

Markmið fyrirhugaðrar lagabreytingar er að breyta lagaákvæðum sem kveða á um magntakmarkanir sem lífeyrissjóðum ber að fylgja við fjárfestingar. Þau áform eru í samræmi við niðurstöður víðtæks samráðs og þær ábendingar sem fram hafa komið um æskilegar breytingar. Hugmyndir um breytingar á kröfum til tryggingastærðfræðinga eru hins vegar ótengt málefni og tengjast ekki fjárfestingarheimildum.

Það er mat undirritaðs að umrædd breyting sé óþörf, enda búa lífeyrissjóðir nú þegar yfir fullnægjandi upplýsingum um skuldbindingar sínar og áhættu tengda þeim. Verði áformin að veruleika munu þau leiða til aukins rekstrarkostnaðar lífeyrissjóða án þess að sýnt hafi verið fram á raunverulegan ávinning.

Núverandi fyrirkomulag, þar sem óháður tryggingastærðfræðingur metur skuldbindingar sjóðs árlega og veitir jafnframt tryggingafræðilega ráðgjöf eftir þörfum, hefur reynst hagkvæmt og faglega fullnægjandi. Með því er tryggt sjálfstætt og óháð mat á skuldbindingum sjóðsins sem styður við traust, gagnsæi og ábyrga stjórnarhætti.

Skuldbindingar lífeyrissjóða eru eðli máls samkvæmt stærðir sem breytast hægt. Engin málefnaleg rök hafa verið færð fyrir því að nauðsynlegt sé að vakta þær daglega eða með stöðugum hætti með sérstakri stöðu tryggingastærðfræðings innan sjóðsins. Árlegt heildarmat, ásamt ráðgjöf þegar tilefni er til, tryggir fullnægjandi yfirsýn og viðbragðsgetu. Hluti af núverandi áhættustýringu er jafnframt reglubundið eftirlit með eignum og öðrum áhættuþáttum sem hafa áhrif á getu sjóða til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar. Eftirlitskerfið hefur reynst vel og er skilvirkt.

Að bæta við stöðugildi tryggingastærðfræðings, líkt og breytingin felur í sér, myndi óhjákvæmilega auka árlegan rekstrarkostnað sjóðanna. Sá kostnaðarauki myndi að lokum falla á sjóðfélaga. Ekki verður séð að þörf sé á slíkri viðbót eða að verkefni innan sjóðanna séu nægjanlega umfangsmikil til að réttlæta slíkt stöðugildi, sérstaklega í ljósi þess að núgildandi fyrirkomulag tryggir aðgang að sérfræðiþekkingu eftir þörfum.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að fallið verði frá fyrirhugaðri breytingu. Ekki ætti að lögfesta kröfur sem ganga umfram raunverulega þörf og leiða einungis til aukins kostnaðar án skýrs ávinnings fyrir sjóðfélaga.

Kópavogi 18. febrúar 2026,

Gunnar Baldvinsson,
framkvæmdastjóri Almenna – Lífsverks, lífeyrissjóðs.